

# Kennsluáætlun í textílmennt 2018-2019

Kennari: Steinunn Þórarinsdóttir

Kennt er á Helgafelli.

**Bekkur: 4.**

Klára verkefni frá síðasta vetri ( þeir sem eiga það eftir )

## **Bókamerki**

Sauma í jafa þræðispor, krosssaum og lykkjuspor.

## **Fræðsla um mismunandi efni.**

Fjallað um gerviefni, bómullarefni og ullina og eiginleika þessara efna.  
Skoðað myndband á netinu.

## **Þæfð blóm í potti.**

Nemendur þæfa ullarkembu utan um golfkúlu og útbúa blóm.  
Pottinn gera þau svo úr niðursuðudós sem þau skreyta eftir eigin hugmyndum

## **Púði**

Skissa upp hugmynd af púða.  
Velja sér efni og útfæra sinn púða.

## **Markmið**

Að nemendur þjálfist í:

- að klippa efni.
- að nota snið.
- að sauma í grófan jafa.
- gróf – fínhreyfingum.
- að sauma á saumavél.

## **Hæfniviðmið.**

Að nemendur geti:

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.
- unnið úr nokkrum gerðum textílefna.
- unnið eftir einföldum leiðbeiningum.
- skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.
- fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.
- sagt frá nokkrum tegundum textílefna.
- sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.
- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.
- gert sér grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.
- notað ný og enduruninn efni í textílvinnu.

**Þessi áætlun er birt með fyrirvara um breytingar og röð verkefna.**